

## Af marxisma

Egill Arnarson. „Um Louis Althusser.“ Í *Af marxisma*, ritstj.  
Viðar Þorsteinsson og Magnús Þór Snæbjörnsson, bls.  
168-174. Reykjavík: Róttæka sumarútgáfan, 2012.

## Um Louis Althusser

Það er ekki ofsögum sagt að „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins“ sé sú ritgerð sem helst hafi haldið nafni franska heimspekingsins Louis Althusser (1918–1990) á lofti innan fræðanna síðan hún leit dagsins ljós árið 1971. Þó getur textinn ekki talist sérlega einkennandi fyrir höfundinn hvað efnistöð og stíl varðar. Ekki er um heilsteypa tímaritsgrein að ræða heldur valda hluta úr riti sem hann samdi árið 1969 og bar titilinn *Endurframleiðsla kapítalískra framleiðslubátta* (*La reproduction des modes de production capitalistes*) en sem kom fyrst út að Althusser látnum, eins og mörg önnur verka hans.<sup>1</sup> Í formála ritsins kemur fram að höfundur telur sig hafa komist að mikilvægum niðurstöðum sem honum er í mun að miðla hið fyrsta til sem flestra. Framsetningarmátinn er enda greinilega miðaður við hinn „almenna lesanda“: farið er lið fyrir lið í gegnum gangvirki endurframleiðslunnar, söguleg dæmi nefnd og stíllinn „kennslufræðilegur“. Engu að síður stendur textinn í kláru samhengi við önnur skrif Althusser á sviði marxískra fræða.

Á sjöunda áratugnum fékkst Althusser einkum við að greina sérstöðu marxismans gagnvart öðrum hugmyndastefnum. Kenning hans um það var á þá leið að, rétt eins og forn-Grikkir uppgötvaðu stærðfræðina og Galilei eðlisfræðina, hefði Marx numið nýtt land í fræðaheiminum og lagt grunninn að „söguvísindum“, þ.e. vísindunum um mismunandi framleiðsluhætti, formgerð þeirra og virkni og um það hvernig einn framleiðsluhátturinn tekur við af öðrum. Með þessu átti Althusser við að Marx fjallaði um hið sögulega ferli

1 Louis Althusser, *Sur la reproduction*, París: Presses Universitaires de France, 1995.

án þess að byggja á „hugmyndafræðilegum“ hugtökum. Innan marxískra söguvísinda er þess vegna ekki litið svo á að maðurinn móti söguna, líkt og okkur er tamt að álíta, heldur er það verkaskiptingin innan hins efnahagslega framleiðsluferlis sem það gerir, einkum í gegnum stéttbaráttuna sem af þessari skiptingu hlýst. Þessi hugmynd kemur hvað sterkast fram í verki Marx *Auðmagningu* (*Das Kapital*) frá 1867, en Althusser benti á að æskuverk Marx<sup>2</sup> væru í ósamræmi við þá meginhugmynd. Að hans mati þarf því að gera greinarmun á vísindalegum og óvísindalegum (þ.e. hugmyndafræðilegum) hugmyndum Marx sjálfs, og þróa þær vísindalegu áfram. Althusser viðurkenndi þó að vísindin yrðu aldrei laus við einhvers konar hugmyndafræði og í stöðugri togstreitu við hana.

En hvert er mikilvægi þessara meintu vísindalegu yfirburða marxismans? Stærsta hættan við óvísindalegar hugmyndir er að þær eru samofnar hagsmunum borgarastéttarinnar. Hug-, félags- og hagsvísindi byggðu að dómi Althusers að miklu leyti á borgaralegum hugmyndum á borð við hina frjálsu, skynsömu sjálfsveru eða *homo oeconomicus*, sem hylja yfirráð borgarastéttarinnar og kúgun yfir öðrum stéttum. Þessum óvísindalega grundvelli vísindakenninga þyrftu hin nýju söguvísindi að bylta, um leið og þau stuðla að byltingu verkalýðsins. Þannig samrýmist marxísk kenning hagsmunum öreigastéttarinnar á fleiri en einn hátt.

Marxisminn í meðförum Althusers er með öðrum orðum í senn vísindagrein og stjórnmalastefna: þegar best lætur rétt stjórnmalastefna vegna þess að hann er rétt þjóðfélagsvísindi. Til að svo megi vera þarf marxisminn að hafna öllum húmanískum kenningum um tiltekið eðli mannsins – jafnvel þótt þær megi finna í æskuverkum Marx – svo sem að maðurinn raungeri eðli sitt í vinnunni, fjarlægist það í firrtri vinnu en njóti þess að fullu undir kommúnísku þjóðskipulagi. Marx var undir áhrifum hugsuða á borð við Hegel

2 Þegar hann setti þessa kenningu sína fyrst fram miðaði Althusser við að vatnaskil hefðu orðið í verki Marx um 1845. Til æskuverka Marx heyra því lokaritgerð hans um Demókrít og Epíkúr, blaðagreinarnar í *Rínartíðindunum*, gagnrýnin á *Réttarheimspeki* Hegels, *Um Gyðingaspurninguna*, *Handritin um efnahagsmál og heimspeki frá 1844*, *Greinar um Feuerbach* (Karl Marx og Friedrich Engels, *Úrvalorít I*, Reykjavík: Mál og menning, 1968, bls. 325–328), *Hin beilaga fjölskylda* og *Þýska hugmyndafræðin* (Karl Marx og Friðrik Engels, *Þýska hugmyndafræðin* (þýð. Gestur Guðmundsson), Reykjavík: Mál og menning, 1983).

og Feuerbach þegar hann setti fram slíkar hugmyndir af meiði tilgangs- og eðlishyggju en sneri síðan, að mati Althusers, baki við þeim að mestu og tók að þróa ný og vísindalegri rannsóknarhugtök. Innan marxískrar heimspeki yrðu menn nú að hugsa til enda þessa áfanga í þróun marxismans sem vísindagreinar<sup>3</sup> og skoða söguna sem ferli þar sem ólík öfl verkuðu hvert á annað um leið og hvert þeirra fylgdi sínum eigin lögmálum, en þetta ferli væri án mennsks frumkvöðuls eða ákveðins stefnumarks. Þótt efnahagsþróunin sé alls ekki alráð í hverju tilviki myndar hún kjölfestuna í því samspili og sjálfsskilningur mannsins er breytileg afurð þess ferlis fremur en óbreytileg forsenda þess.

Í þessari útleggingu Althusers á ritum Marx má vissulega skynja eins konar kreddukennt „afturhvarf til ritningarinnar“ þaðan sem hin „hreina vísindakenning“ myndi aftur snúa í öllu sínu veldi. Mörgum marxistum – meðal annars innan franska Kommúnistaflokksins og austan járnalds – hugnaðist þó ekki þessi ritskýring enda álitu þeir mikilvægt eftir afglöp Stalín-tímans að hampa mannhyggju hins unga Marx, líkt og margir talsmenn hinnar „nýju vinstrihreyfingar“ á Vesturlöndum gerðu einnig. Með „húmanískum“ marxisma, sem byggði á hugmyndum um eðli mannsins og frelsun hans undan fíringu, töldu þeir að forðast mætti öfgar fortíðar og liðka fyrir samvinnu kommúnista við umbótaöfl á borð við sósíaldemókrata, kirkjuna o.fl. Althusser taldi slíkt hins vegar fela í sér afturhvarf til borgaralegrar heimspeki sjálfsverunnar sem gæti hvorki gagnast sem uppgjör við stalínismann né sem leiðarvísir marxískrar þjóðfélagsbaráttu inn í framtíðina. Því tefldi hann fram „fræðilegum and-húmanisma“ – ekki sem afturhvarf til harðstjórnar, heldur til þess að leysa marxismann undan klafa úreltrar frumspeki og borgaralegra stjórnsmálaviðhorfa.

En hvernig er hægt að sjá fyrir sér að marxískur fræðimaður af toga „fræðilegs and-húmanisma“ hefði nokkuð annað fyrir stafni en að lýsa heiminum í stað þess að reyna að breyta honum? Althusser var oft gagnrýndur fyrir að vilja smætta marxismann í hreina kenningasmíði og gera þjóðfélagsbaráttu þar með að aukaatriði. Þá gagnrýni taldi hann raunar ekki með öllu óréttmæta og brást við henni

3 Innan marxismans hefur lengi verið litið svo á að söguvísindin (söguleg efnishyggja) séu nátengd en aðskilin frá heimspekinni (díalektískri efnishyggju).

með því að segja fræðimanninn gagnast í þjóðfélagsbaráttunni í gegnum ástundun 'stéttabaráttu innan fræðanna'. Heimspekin hefði þar mikilvægu hlutverki að gegna með því að gerast nokkurs konar tengiliður milli vísinda- og stjórnmalastarfs. Í anda efnishyggju ætti marxísk heimspeki að fletta ofan af hughyggjukennndum ranghugmyndum fræðikenninga sem gagnast einkum ríkjandi þjóðfélagsháttum. Með því að leiða síðan í ljós hvernig sumar útgáfur af endurskoðun marxismans hvíldu á slíkum hugmyndafræðilegum kreddum gæti heimspekin endurheimt slagkraft stefnunnar, fundið réttan grunn þar sem reisa mætti aðrar marxískar kenningar. Þetta er einmitt það sem Althusser leitast hér við að gera, þ.e. að reisa kenninguna um hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins á grundvelli vísindalegs marxisma. Ritgerðin skiptist efnislega í fjóra hluta:

- 1) Í *Um endurframleiðslu framleiðsluskilyrðanna* eru rök færð fyrir því að ekki sé hægt að skilja virkni kapítalískra þjóðfélaga einungis út frá verkaskiptingunni við framleiðsluna, þ.e. stéttaskiptingunni, heldur þurfi að kanna með hvaða ráðum stéttaskiptingunni er við haldið.
- 2) Í köflunum *Undirbygging og yfirbygging* og *Ríkið* eru hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins (HSR) kynnt til sögunnar sem helsta aðferðin við að viðhalda stéttaskiptingunni og þau sett í samhengi við marxískar kenningar sem þeim tengjast.
- 3) *Um endurframleiðslu framleiðslutengslanna* lýsir hvernig skólinn hefur á 19. og 20. öld leyst kirkjuna af hólmi sem mikilvægasta hugmyndafræðilega stjórnþækið.
- 4) Loks er í *Varðandi hugmyndafræðina* fjallað um helstu vankantana á eldri kenningum marxista um hugmyndafræði og settar fram fáeinar tilgátur til þess að skýra hvernig hún stýri athöfnun fólks og sjálfsskilningi.

Áherslan sem hér er lögð á innrætingarhlutverk skólastofnana er í takt við útbreiddar hugmyndir í kjölfar stúdentauppreisnarinnar 1968 um þörfina á róttækri uppstokkun skóla- og háskólakerfisins. Pierre Bourdieu (1930–2002) gagnrýndi á þessum árum dulda stéttaskiptingu í frönskum háskólum,<sup>4</sup> margir sýndu nýjungum í

4 Pierre Bourdieu og J.-C. Passeron, *Les héritiers: Les étudiants et la culture*,

kennslu við Summerhill-skólann í Bretlandi<sup>5</sup> áhuga og stutt var í að Ivan Illich (1926–2002) birti viðlesin rit sín á borð við *Deschooling Society*.<sup>6</sup> Í samanburði við fjölda annarra kenninga um slíka innrætingu liggur frumleiki ritgerðar Althusserers öðru fremur í kenningunni um að hugmyndafræðin „ávarpi einstaklinga sem sjálfsverur“: ríkjandi hugmyndafræði gefur okkur ákveðna hugmynd um hvernig við eigum að hugsa þegar hún „ávarpar“ okkur og við svörum kalli hennar með því að hegða okkur sem hlýðnir þegnar. Það mótsagnakennda við þetta er að við teljum okkur breyta af fúsum og frjálsum vilja og í okkar eigin þágu. Í þessari kenningu felst að önnur hugmyndafræði gæti veitt fólki annan sjálfsskilning og frelsað það undan því að þjóna ráðandi stéttum. Althusser gekk langt í skilningi sínum á *ávörpun* og gerði ráð fyrir við værum „ávallt-þegar“ ávörpuð af hugmyndafræðinni, jafnvel í móðurkviði, vegna þess að hvergi væri að finna einstaklinga sem væru lausir undan hugmyndafræðilegum sjálfsskilningi af einhverjum toga.

Kenning Althusserers um HSR kann að virðast draga upp mynd af ósveigjanlegum stofnunum sem engin leið sé að breyta vegna þess að „frumkvæði einstaklingsins“ hafi verið fullkomlega úthýst. Enda þótt Althusser hafi beint spjótum sínum gegn löggengissinum innan marxismans – sem álíta efnahagsþróunina eina ná að kollsteypa kapítalismanum – losnar hann ekki frekar en þeir við spurninguna til hvers einstaklingar eigi að leggja sig fram um að reyna að bylta samfélaginu ef það eru í raun dýpri formgerðir sem móta söguna. Á meðal hugsuða innan marxismans var Althusser því ekki aðeins gagnrýndur fyrir að draga með þessu allan þrótt úr stefnunni, heldur töldu sumir þeirra, t.d. Henri Lefebvre (1901–1991) og Alain Badiou (f. 1937), kyrrstöðumódel hans af samfélaginu beinlínis styrkja ráðandi öfl í sessi.<sup>7</sup> Sú mun vart hafa verið ætlun Althusserers heldur fremur að vekja athygli á því hversu viðamikil sósíalísk bylting þyrfti að vera til þess að ná markmiðum sínum. Athugasemdunum tveimur í lok greinarinnar (auk neðanmálsgreinar 18) er greinilega ætlað að setja

París: Minuit, 1964 og *La reproduction: Éléments pour une théorie du système d'enseignement*, París: Minuit, 1970.

5 A.S. Neill, *Summerhill-skólinn* (þýð. SÍNE-félagar í Darmstadt), Reykjavík: Mál og menning, 1976.

6 Ivan D. Illich, *Deschooling Society*, New York: Harper & Row, 1971.

7 H. Lefebvre, *L'idéologie structuraliste*, París: Seuil, 1971; Alain Badiou, *De l'idéologie*, París: Maspero, 1976.

fyrirvara við það hve textinn einblínr á þjóðfélagsgerðina með því að leggja áherslu á mikilvægi stéttabaráttunnar: stjórn tækin eru aðeins birtingarmynd stéttabaráttunnar og vopn sem yfirráðastéttin beitir til að kúga aðrar stéttir. Sem slík tækju stjórn tækin breytingum enda þótt ekki yrði komið í veg fyrir að innan sérhvers samfélags ríki ákveðin hugmyndafræði sem styrkt er af ákveðnum stjórn tækjum. Þeim veruleika yrði ekki breytt, jafnvel ekki með þjóðfélagsbyltingu, heldur væri hugmyndafræði óbreytilegur hluti af formgerð hvers samfélags.

Althusser setti aldrei fram útfærða kenningu um stéttabaráttuna og hvernig hún gæti breytt samfélaginu sem komst í líkingu við rannsóknir hans á ofurvaldi hugmyndafræðinnar og annarra stjórn tækja ríkjandi ástands. Hugsanlega voru hugmyndir hans um hana lítt mótaðar. Upphafleg ætlun hans var sú að bæta hugmyndir sínar í ritinu *Endurframleiðsla kapitálískra framleiðslubátta* upp með öðru bindi, *Stéttabarátta innan kapitálískra þjóðfélagsgerða* (*Lutte des classes dans les formations sociales capitalistes*), en ekkert bendir til þess að hann hafi einu sinni byrjað að semja það verk. Þess ber þó að geta að nokkrum árum síðar útfærði hann hugmyndir sínar um við hvaða aðstæður hinn virki gerandi geti skipt sköpum í sögunni í ritinu *Machiavelli og við*.<sup>8</sup>

Eftir því sem leið á áttunda áratuginn gerðist Althusser æ gagnrýnni á fyrri kenningu sína um að hugtök og skýringar í *Auðmagninu* mynduðu heilsteypt, vísindalegt kerfi og taldi þörf á að skoða með mun gagnrýnni hætti hvað væri lífvænlegt og hvað ekki í marxism-anum, jafnvel í hinum „vísindalega“ hluta hans. Þannig væri, ólíkt því sem haldið er fram í þessari grein, t.d. enn ekki til nein marktæk marxísk kenning um ríkið. Líta má á brotakenndar hugleiðingar hans frá níunda áratugnum um „efnishyggju tilviljunarinnar“ (*matérialisme aléatoire*) eða „heimspeki árekstrarins“ (*philosophie de la rencontre*) sem róttækt endurhvarf til „neðanjarðarhreyfingar efnishyggjunnar“ innan heimspekisögunnar (þar sem Epíkúr og Demokritos væru frumkvöðlar sporgöngumanna á borð við Macchiavelli og Spinoza) og þar með til heimspekilegra róta marxismans.

Þegar greinin birtist fyrst í franska tímaritinu *La pensée* árið 1971 fylgdi ritstjórn þess henni úr hlaði með eftirfarandi athugasemd: „Textinn sem hér fer á eftir samanstendur af tveimur hlutum rann-

8 Louis Althusser, „Machivel et nous (1972–1986)“, *Écrits philosophiques et politiques. Tome II*, París: STOCK, 1995.

sóknar sem enn er ólokið. Höfundurinn óskaði eftir að í titli hans stæði: *rannsóknarpunktur*. Einungis beri að líta á þær hugmyndir sem hér eru kynntar sem hvatningu til frekari umræðna.“ Textinn leiddi sannarlega til frekari umræðna, einkum innan menningarfræði og skyldra greina, svo sem fjölmiðlafræði. Þannig rannsakaði breski félagsfræðingurinn Stuart Hall fjölmiðla sem tiltölulega sjálfstæð HSR sem endurframleiða túlkanir á veruleikanum sem gagnast ráðandi stétt þótt þeir séu um leið vettvangur hugmyndafræðilegrar baráttu.<sup>9</sup> Meðal heimspekinga sem bent hafa á glufur og galla í röksemdafærslu Althusers fyrir HSR má nefna Paul Ricœur<sup>10</sup> og Judith Butler,<sup>11</sup> þótt síðarnefndi höfundurinn hafi einnig beitt ávörp-unarhugtakinu innan femínískra rannsókna. Segja má að kenningin um HSR myndi einnig eitt af þrástefjunum í verkum Slavoj Žižek þar sem hún er jafnan borin saman við aðrar kenningar.<sup>12</sup>

Hér hefur ekki verið fjallað um á köflum átakanlegt lífshlaup Althusers, en fyrir þá sem vilja fræðast um það skal bent á sjálfsævi-sögu hans, *Framtíðin varir lengi (L'avenir dure longtemps)*,<sup>13</sup> sem er víðlesn-asta rit Althusers í Frakklandi. Einnig má benda á skrif Einars Más Jónssonar þar sem drepíð er á persónu Althusers,<sup>14</sup> sem og nýlega endurbirta og endurskoðaða minningargrein Étienne Balibar, eins af nemendum Althusers, í *New Left Review*.<sup>15</sup>

Egill Arnarson

- 9 Stuart Hall o.fl., *Policing the Crisis*, London: Palgrave, 1978.
- 10 Paul Ricœur, *Lectures on Ideology and Utopia*, New York: Columbia University Press, 1985.
- 11 Judith Butler, *The Psychic Life of Power: Theories in Subjection*, Stanford: Stanford University Press, 1997.
- 12 Sjá Slavoj Žižek, *The Sublime Object of Ideology*, London: Verso, 1989; *For They Know Not What They Do*, London: Verso, 1991; „Introduction. The Spectre of Ideology“, í *Mapping Ideology* (ritstj. Slavoj Žižek), London: Verso, 1994; *The Ticklish Subject. The Absent Centre of Political Ontology*, London: Verso, 1999; *Did Somebody Say Totalitarianism? Five Interventions in the (Mis)use of a Notion*, London: Verso, 2001; *In Defense of Lost Causes*, London: Verso, 2008.
- 13 Louis Althusser, *L'avenir dure longtemps*, París: STOCK/IMEC, 1992.
- 14 Einar Már Jónsson, *Bréf til Maríu*, Reykjavík: Ormstunga 2007, bls. 92–107 og 143.
- 15 Etienne Balibar, „Althusser and the Rue d'Ulm“, *New Left Review* (58, júl.–ág. 2009), bls. 91–197.